

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 132/2006**

**frá 27. október 2006**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2006 frá 22. september 2006 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 706/2006 frá 8. maí 2006 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1702/2003 að því er varðar frestinn sem aðildarríkin hafa til að gefa út samþykki með takmarkaðan gildistíma <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 707/2006 frá 8. maí 2006 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2042/2003 að því er varðar samþykki með takmarkaðan gildistíma og I. og III. viðauka <sup>(3)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

XIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 66p (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003):  
„– **32006 R 0706**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 706/2006 frá 8. maí 2006 (Stjtið. ESB L 122, 9.5.2006, bls. 16).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 66q (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2042/2003):  
„, eins og henni var breytt með:  
– **32006 R 0707**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 707/2006 frá 8. maí 2006 (Stjtið. ESB L 122, 9.5.2006, bls. 17).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 706/2006 og 707/2006, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 333, 30.11.2006, bls. 52, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 60, 30.11.2006, bls. 39.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 122, 9.5.2006, bls. 16.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 122, 9.5.2006, bls. 17.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. október 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. október 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Oda Helen Sletnes***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.